

Stjórn Úrvinnslusjóðs

366. stjórnarfundur, fimmtudaginn 27. febrúar 2025 - kl. 9:15–11:15

TEAMS

Dagskrá samkvæmt fundarboði

A. Til kynningar (40 mín)

1. Fundargerðir samráðsfunda UOL og ÚVS frá 26.09.2024 og 17.12.2024
2. Þjónustukönnun Prósents september – nóvember 2024
3. Birgjamat – drög að verklagi
4. Vegna breytingar á endurgjaldi spilliefna frá 21. janúar 2025

B. Til samþykktar (45 mín)

5. Tilnefning til ráðherra um varaformann stjórnar Úrvinnslusjóðs
6. Allan hringinn, fræðslu- og kynningarverkefni
7. Leiðrétting á flutningsjöfnun viðarumbúða

C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir stöðu mála (10 mín)

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Birta Sif Arnardóttir (BSA),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Jón Viggó Gunnarsson (JVG),
Kristinn Már Reynisson (KMR),
Líf Magneudóttir (LM).

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),
Íris Gunnarsdóttir (ÍG),
Edda Andrésdóttir (EA) ritaði fundargerð

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Tilnefning HH til varaformanns stjórnar var samþykkt.
2. Stjórn hafnaði tillögu UOS um þátttöku/greiðslu í verkefninu Allan hringinn eins og hún er sett fram en fól Úrvinnslusjóði að eiga samtalið við stofnunina um að fá ítarlegri upplýsingar um verkefnið en einnig skilmála og möguleika Úrvinnslusjóðs til að nýta efnið sem er skapað, með eigin merki.
3. Tillaga um breytingar á flutningsjöfnun viðarumbúða var samþykkt frá og með 1.1.2025.

Fundargerð

A. Til kynningar

1. Fundargerðir samráðsfunda UOL og ÚVS frá 26.09.2024 og 17.12.2024

Tvær samþykktar fundargerðir af samráðsfundum ÚVS og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis voru lagðar fram til kynningar. Síðasti fundur var 12. febrúar sl. og fundargerð hans er í yfirlestri hjá ráðuneytinu.

Spurningar og umræður um einstök atriði í fundargerðum, m.a. þrepaskiptingu úrvinnslugjalda, drifrafhlöður, veiðarfæri og textíl. Ákveðið að taka útfærslu á þrepaskiptingu gjalda til umræðu á næsta fundi stjórnar.

2. Þjónustukönnun Prósents september – nóvember 2024

SBJ gerði grein fyrir niðurstöðum þjónustukönnunar ríkisstofnana fyrir tímabilið september til nóvember 2024. Svörun er að aukast og samhlíða eykst marktækni. Þróunin er heilt á litið jákvæð.

3. Birgjamat – drög að verklagi

SBJ kynnti stöðu á gerð krafna varðandi verklag við úttektir á þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs. Lokafundur með BSI var í vikunni og tilraunaúttekt skv. þessu verklagi er fyrirhuguð. Tilgangurinn er að hafa eftirlit með réttmæti upplýsinga sem sjóðurinn fær frá þjónustuaðilum og sem greitt er eftir, sem og því hvernig unnið er eftir skilmálum sjóðsins. Spurningar og umræður.

4. Vegna breytingar á endurgjaldi spilliefna frá 21. janúar 2025

ÍG gerði grein fyrir leiðréttingu á útreikningum á spilliefnagjaldi, sbr. stjórnarfund 365, dagskrárlíð 5. Leiðréttingin hefur ekki áhrif á ákvörðun endurgjalds í vörflokknum.

B. Til samþykktar

5. Tilnefning til ráðherra um varaformann Úrvinnslusjóðs

KMM lagði fram tillögu að tilnefningu HH sem varaformanns stjórnar Úrvinnslusjóðs. Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Allan hringinn, fræðslu- og kynningarverkefni

EA fór yfir undirbúning verkefnisins, sem á að þessu sinni að beinast að flokkun fyrirtækja. Umhverfis- og orkustofnun leiðir verkefnið og hefur lagt fram tillögu að verkáætlun þar sem gert er ráð fyrir kostnaðarpátttöku þátttakenda og þ.m.t. Úrvinnslusjóðs. Umræður og spurningar.

Stjórn hafnaði beiðninni eins og hún er sett fram en fól Úrvinnslusjóði að eiga samtali við Umhverfis- og orkustofnun um að fá ítarlegri upplýsingar um verkefnið en einnig skilmála og möguleika Úrvinnslusjóðs til að nýta efnið sem er skapað, með eigin merki.

7. Leiðrétting á flutningsjöfnun viðarumbúða

ÍG kom á fundinn og kynnti tillögu að breytingum á flutningsjöfnun fyrir viðarumbúðir. Umræður og spurningar. Tillagan var samþykkt samhljóða og

Úrvinnslusjóði falið að uppfæra gjaldskrá til samræmis. Sjóðnum var einnig falið að taka saman kynningu á stöðu vöruflokksins fyrir næsta fund.
LM vék af fundi kl. 11:00

C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir stöðu mála (10 mín)

Fundi slitið kl. 11:15.

Næsti fundur verður ákveðinn síðar.